



*Riding for children with critical illnesses*

**Við hjólum til styrktar:**



**STYRKARFÉLAG  
KRABBAMEINSSJÚKRA BARNNA**



## Team Rynkeby verkefnið

Team Rynkeby er evrópskt góðgerðarverkefni sem felst í því að þátttakendur þess hjóla til Parísar til styrktar börnum með alvarlega sjúkdóma.

Verkefnið hófst árið 2002 þegar 11 hjólreiðamenn með tengsl við safaframleiðandann Rynkeby Foods ákváðu að hjóla til Parísar til að hreyfa sig og fylgjast með lokum Tour de France.

Þeir söfnuðu styrkjum fyrir ferðinni og gekk það svo vel að afgangur var í lok ferðarinnar. Hann gáfu þeir til krabbameinssjúkra barna á háskólasjúkrahúsínu í Óðinsvéum í Danmörku og þar með skapaðist hefðin að styðja börn með alvarlega sjúkdóma.

Frá fyrstu ferðinni hafa þátttakendur í Team Rynkeby verkefninu safnað samtals meira en 7,2 milljörðum íslenskra króna fyrir börn með alvarlega sjúkdóma.



*Riding for children with critical illnesses*



## Framlag þitt rennur óskert til styrktar börnum með alvarlega sjúkdóma.

Fyrirtæki og stofnanir geta í samstarfi við Team Rynkeby hjálpað til í baráttunni gegn krabbameini í börnum. Framlag þitt rennur óskert í söfnunina.

Á Íslandi rennur allt söfnunarféð til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna. Stór hluti styrksins fer til rannsókna á síðbúnum afleiðingum barnakrabbameina, sem getur til lengri tíma litið bætt meðferð og líðan krabbameins veikra barna. Síðbúnar afleiðingar geta verið líkamlegar, andlegar og félagslegar.

Þátttakendur í verkefninu, bæði hjólarar og þjónustulið greiða sjálfir allan kostnað bæði fyrir þátttöku, búnað o.fl. Sameiginlegur kostnaður allra þátttökuliða vegna utanumhalds um verkefnið er greiddur af Rynkeby Foods, God Morgeon og hohes C.

Þannig fara öll framlög, stór sem smá óskert til þeirra samtaka sem Team Rynkeby sjóðurinn er í samstarfi við í hverju landi fyrir sig.

# Vertu hluti af einu sýnilegasta góðgerðarverkefni Evrópu

## Einstakir samstarfsmöguleikar

Team Rynkeby býður upp á einstaka samstarfsmöguleika og jákvæðan sýnileika bæði innanlands og utan.

Allir platínu og gullstyrktarsamningar þurfa að hafa borist og vera samþykktir fyrir 17. janúar 2020. Eftir þá dagsetningu er ekki hægt að fá lógóið á fatnaðinn.



## Platínustyrktaraðilar

Sem Platínustyrktaraðili hjá Team Rynkeby færð þú:

- Lógó á reiðhjólafatnað sex liða, íslenska liðið og fimm önnur að eigin vali.
- Auglýsingu/kynningu á vefsíðu Team Rynkeby t.d. varðandi tilboð og afslætti, kynningarmyndband eða slóð á eigin vefsíðu.
- Lógó á fylgdarbíla (sex lið) – (það er á ábyrgð styrktaraðilans að útvega lógó)
- Lógó á forsíðuna á vefsíðu Team Rynkeby
- Eina sérhannaða hjólatreyja með lógóum frá öllum Team Rynkeby platínustyrktaraðilum.
- Platínustuðningsborða til notkunar á eigin vefsíðu

Verð: Frá 2.000.000 ISK



## Gullstyrktaraðili

Sem Gullstyrktaraðili hjá Team Rynkeby færð þú:

- Lógó á reiðhjólafatnaðinn (eitt lið)
- Lógó á fylgdarbíla (eitt lið) – (það er á ábyrgð styrktaraðilans að útvega lógó)
- Lógó á vefsíðu Team Rynkeby
- Gullstuðningsborða til notkunar á eigin vefsíðu

Verð: Frá 400.000 ISK



## Silfurstyrktaraðili

Sem Silfurstyrktaraðili hjá Team Rynkeby færð þú:

- Lógó á fylgdarbíla (eitt lið)  
– (það er á ábyrgð styrktaraðilans að útvega lógó)
- Lógó á vefsíðu Team Rynkeby
- Silfurstuðningsborða á eigin vefsíðu

Verð: Frá 200.000 ISK



## Styrktaraðili liðs

Sem styrktaraðili Team Rynkeby liðs styður þú ákveðið þátttökulið með því að leggja til vörur, þjónustu eða peninga. Styrktaraðilar liðs aðstoða við að halda kostnaði við verkefnið í lágmarki t.d með því að gefa vörur eða veita þjónustu.

Sem styrktaraðili liðs hjá Team Rynkeby færð þú:

- Lógó á vefsíðu Team Rynkeby
- Stuðningsborða liðs á eigin vefsíðu

Styrkur: Vörur, þjónusta eða peningar.

## Bronsstyrktaraðili

Sem Bronsstyrktaraðili hjá Team Rynkeby færð þú:

- Lógó á vefsíðu Team Rynkeby
- Bronsstuðningsborða á eigin vefsíðu

Frá 50.000 ISK





## Alvarleg veikindi

Stór hluti af söfnunarfé Team Rynkeby rennur til rannsókna á barnakrabbameinum.

Sorgleg staðreynd er að eitt af hverjum 450 börnum greinast með krabbamein fyrir 15 ára aldur. Fimmta hvert barn lifir sjúkdóminn ekki af. Það gerir krabbamein að einum alvarlegasta sjúkdómnum hjá börnum á aldrinum 1 – 15 ára. Um helmingur barna sem lifa sjúkdóminn af, glíma við ýmsa fylgikvilla hans síðar meir. Þeir geta t.d. verið einbeitingarskortur, útlímamissir, ófrjósemi og alvarlegur heilaskaði.

## Þörf er á fjármagni til rannsókna

Til að auka lífslíkur þeirra barna sem fá krabbamein og draga úr síðbúnum afleiðingum sjúkdómsins er nauðsyn á frekari rannsóknum.

Team Rynkeby sjóðurinn styrkir rannsóknir á barnakrabbameinum í gegnum samtök sem starfa á því sviði í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Færeyjum, Íslandi, Þýskalandi og Sviss.

Rannsóknarverkefni eru valin af vísindanefndum þeirra samtaka sem Team Rynkeby sjóðurinn vinnur með í hverju landi fyrir sig.



## Hjálpaðu okkur að styðja við börn með alvarlega sjúkdóma

Sem styrktaraðili Team Rynkeby verkefnisins styður þú ekki aðeins góðan málstað og stuðlar að bættri líðan barna með alvarlega sjúkdóma. Þú tekur einnig þátt í að vekja athygli á heilbrigðum lífsstíl. Team Rynkeby er langstærsta hreysti- og góðgerðarverkefnið í Evrópu og fær á hverju ári þúsundir manna til að gera sjálfum sér og öðrum gott.

### Tengiliður

**Guðmundur S. Jónsson**

Liðstjóri

Team Rynkeby Ísland

Sími: 696 9564

Netfang: [teamrynkebyisland@gmail.com](mailto:teamrynkebyisland@gmail.com)







*Riding for children with critical illnesses*

## Styðjið starf Team Rynkeby verkefnisins

**børne | cancer | fonden**

[www.team-rynkeby.is](http://www.team-rynkeby.is)

[www.team-rynkeby.com/linkedin](http://www.team-rynkeby.com/linkedin)

[www.facebook.com/TeamRynkebyIsland/](http://www.facebook.com/TeamRynkebyIsland/)